

Reykjavík, 17.4.2026

MSS26020075

Skil spretthóps um breytta notkun á reglum Frístundakortsins

Berist til Steinþórs Einarsson sviðstjóra og ábyrgðarmanns.

Spretthópur um breytta notkun á Frístundakortinu hefur lokið störfum og meðfylgjandi eru tillögur hópsins. Núverandi reglur gera ráð fyrir nýtingu fyrir ákveðna tímalengd og hefur afmörkun þeirrar tímalengdar meðal annars tekið mið af sjónarmiðum um félagsleg áhrif þátttöku. Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi kennir og eflir félagsfærni þeirra til framtíðar en hún er einn af lykilþáttum í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hópurinn lagði upp með að nálgast verkefnið út frá þeim hópi barna sem ekki nýta Frístundakortið eða fimmtungur barna í borginni, börn sem búa við fátækt, fötlun eða eru af erlendum uppruna með það markmið að ná til barna í viðkvæmri stöðu með markvissari hætti eins og gefa heimild til að nota frístundastyrkinn í styttri námskeið en reglur kortsins heimila með það markmið að ná þeim í þátttöku og virkni skipulagðs tómsundastarf yfir lengri tíma.

Á fundi borgarstjórnar þann 17. febrúar 2026 var samþykkt að fela menningar – og íþróttasviði að undirbúa tilraunaverkefni sem feli í sér að hægt væri að nýta frístundastyrk fyrir styttri námskeið en núverandi reglur gera ráð fyrir. Stýrihópnum var falið að skila ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok apríl 2026.

Virðingarfyllst,

Sara Björg Sigurðardóttir formaður